

ÍSLE2BB05

Áfanginn er annar grunnáfangi í íslensku á öðru þrepi. Hann er skylda á öllum brautum. Nauðsynlegur undanfari fyrir aðra kjarnaáfanga.

Staða áfanga:

Áfanginn er nauðsynlegur undanfari fyrir aðra íslenskuáfanga. Hann er einnig undanfari flestallra valáfanga í íslensku.

Stutt lýsing á efni áfangans:

Viðfangsefni áfangans er goðafræði, málsaga, bundið mál, bókmenntagreining og ritgerðasmíð. Stefnt er að því að auka orðaforða og þjálfra talað og ritað mál. Einnig að kynnast hugmyndaheimi norrænna manna og íslenskum menningararfi. Lesin er ein skáldsaga.

Nokkur lykilhugtök áfangans:

Goðafræði, hugmyndaheimur norrænna manna, íslenskur menningararfur, málsaga, bókmenntaritgerð, orðaforði, tjáning.

Námsmat:

Ritgerð, verkefni og lokapróf.